

Frá skólamálanefnd

Skólalóðir og skólahúsnæði

Aðalfundur FG hvetur yfirvöld til að endurskoða reglugerðir varðandi skólahúsnæði og skólalóðir þar sem tekið verði mið af þörfum nemenda og starfsfólks skóla í nútíma skólastarfi.

Félag grunnskólakennara leggur áherslu á að við hönnun skólahúsnæðis og skólalóða verði haft virkt samráð við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi skóla.

Eftirfarandi atriði þarf að hafa í huga:

Skólalóð –

- hreyfiþörf barna er mismunandi eftir aldri
- öryggi, t.d. afmörkuð skólalóð og leiktæki við hæfi
- stærð lóðar miðist við fjölda nemenda

Skólahúsnæði –

- loftræsting
- hiti
- lýsing
- hreinlætisaðstaða
- aðgangur að drykkjarvatni
- húsgögn (borð og stólar)

Faglegir þættir –

- stærð kennslurýmis/fjöldi nemenda
- sérgreinastofur (myndmennt, textílmennt, tölvur, heimilisfræði, eðlisfræði, náúrufræði og tæknimennt)